

Sveitastjóri
Húnaþing vestra
Hvammstangabraut 5
530 Hvammstangi



Reykjavík 15. júní 2017
UST201705-001/K.S.J.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag. Tillaga að deiliskipulagi fyrir hafnarsvæði á Hvammstanga

Vísað er til erindis sveitastjóra Húnaþings vestra er barst 28. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi hafnarsvæðisins á Hvammstanga.

Skipulagssvæðið

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagssvæðið liggur vestan Strandgötu, Brekkugötu og Höfðabrautar og er samtals 11 ha að stærð. Í greinargerð kemur fram að helstu markmið tillögunnar er að skilgreina núverandi og nýjar lóðir og lóðarstærðir á svæðinu, að bæta aðstöðu við smáhöfn, skilgreina öruggar umferðarleiðir, bæta umhverfi hafnarsvæðisins og að fyrirkomulag á hafnarsvæðinu gefi heildstætt yfirbragð.


Veitukerfi


Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera í skv. reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda skipulagsáætlun sem er afar skýr og greinargóð og gerir ekki athugasemd við hana.

Beðist er velvirðingar á hve langan tíma hefur tekið að svara erindinu.

Virðingarfyllt


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Björn Stefánsson
Sérfræðingur